

Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Vesturamtinu 9. og 10. júní 1897.

Ár 1897, 9. júní, var aðalfundur amtsráðsins í Vesturamtinu settur og haldinn í Borgarnesi af forseta þess, amtmanni Julius Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum: Ásgeiri bónda Bjarnasyni á Knararnesi (úr Mýrasýslu), hreppstjóra, dbrm. Þórði Þórðarsyni á Rauðkollsstöðum (úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu), skólustjóra Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal (úr Dalasýslu), séra Guðmundi Guðmunds- syni í Gufudal (úr Austurbarðastrandarsýslu), sýslumanni Skúla Thoroddsen á Ísafirði (úr Norðurisafjarðarsýslu), síra Kristni Danielssyni á Söndum (úr Vestur- isafjarðarsýslu) og prófasti, síra Páli Ólafssyni á Prestsbakka (úr Stranda- sýslu). Úr Vesturbarðastrandarsýslu var enginn amtsráðsmaður mættur.

Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 22. ágúst f. á., þar sem skipað er fyrir um skipting Ísafjarðarsýslu í tvö sýslufjelög eða um framkvæmd á lögum 6. marz 1896, um að skipta Ísafjarðarsýslu í tvö sýslufjelög, og skýrði amtsráðinu frá innihaldi brjefs síns, dags. 29. ágúst f. á., til sýslumannsins í Ísa- fjarðarsýslu, um skipting þessa. Að því leyti er snertir kosning amtsráðsmanna í hinum nýju sýslufjelögum, hafði forseti í þessu brjefi sínu skipað svo fyrir, samkvæmt umtali á amtsráðsfundinum í fyrra, að hinn núverandi amtsráðsmaður og varaamtsráðsmaður í Ísafjarðarsýslu skyldu skoðast amtsráðsmenn í Norð- urisafjarðarsýslu fyrir það, sem eptir væri af kjörtímanum frá 1. júní 1895 til 31. maí 1901, en kosning til amtsráðsmanna í Vesturisafjarðarsýslu skyldi fram fara á fyrsta fundi sýslunefndarinnar fyrir það, sem eptir væri af kjörtímanum frá 1. júní 1892 til 31. maí 1898. Samkvæmt framlagðri skýrslu sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu 5. maí þ. á. höfðu verið kosnir:

síra Kristin Danielsson á Söndum sem amtsráðsmaður og

síra Janus prófastur Jónsson á Holti sem varaamtsráðsmaður.

Ennfremur var fram lögð skýrsla sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarð- arsýslu, 19. apríl þ. á., um kosning varaamtsráðsmanns í Mýrasýslu í stað Sig- urðar hreppstjóra Sigurðssonar í Gröf, sem andaðist á síðastliðinum vetri, og var kosinn í hans stað fyrir það, sem eptir var af kjörtímanum til 31 maí 1898:

síra Einar prófastur Friðgeirsson á Borg.

Amtsráðið fann ekkert við þessar kosningar að athuga.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram ásamt fyrnefndu brjefi landshöfðingja, dags. 22. ágúst f. á., öll skjöl, sem komin voru til amtsráðsins, snertandi skiptinguna á eignum og skuldum Ísafjarðarsýslu milli hinna nýju sýslufjelaga, þar á meðal end- urrit af gjörðabók sýslunefndarinnar úr Ísafjarðarsýslu, viðvíkjandi fundar- haldi hennar, 15. okt. f. á., með tilheyrandi skjölum og skýrslum, sem amts- ráðið yfirfór. Skiptingin hafði fram farið eptir hlutfallinu 543:725. Amts- ráðið samþykkti þessar gjörðir og hina framförnu skipting.
2. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir 1896, og var hann falinn amtsráðsmönnum úr Strandasýslu og Vesturisafjarðarsýslu til endurskoðunar.

30. dag júnímán. 1897.

- 81 3. Forseti lagði því næst fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins fyrir 1896, og var hann falinn amtsráðsmönnum úr Snæfellsness- og Hnappadaláyslu og Austurbarðastrandarsýslu til endurskoðunar.
4. Þá var lagður fram reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir 1896, og var hann fenginn í hendur amtsráðsmönnum í Norðurisafjarðarsýslu og Dalasýslu til endurskoðunar.
5. Síðast var lagður fram reikningur yfir tekjur og gjöld bókasafns Vesturamtsins fyrir 1896 og var falinn á hendur amtsráðsmanninum úr Mýrasýslu til endurskoðunar.
6. Forseti lagði fram brjef bæjarfógetans í Reykjavík, dags. 23. nóv. f.á., og þar með fylgjandi erfðaskrá húsfúrar Katrínar heitinnar Þorvaldsdóttur, ekkju Jóns bókavardar Árnasonar, dags. 29. maí 1889, en með þeirri erfðaskrá er ákveðið að stofna skuli styrktarsjóð, sem nefnist »Þorvaldarminning«, og standi undir stjórn og umsjón amtsráðsins í Vesturamtinu eða ædstu hjeradsstjórnar á Veslurlandi til handa bændaefnum í Dalasýslu og öðrum sýslum Vesturlandsins. Ennfremur gat forseti þess, að hann í þessu skyni hefði tekið við 4005 kr. 99 a., sem væru á vöxtum í sparissjóðsdeild landsbankans. Amtsráðið samþykkti, að taka sjóð þenna, sem skyldi leggjast í Söfnunarsjóð Ísland, að sjer samkvæmt því, sem getandinn hafði fyrir mælt eða ætlazt til

Forseti lagði ennfremur fram uppkast til stofnunarskrár eða skipulagsskrár sjóðsins, sem skyldi leita konungsstaðfestingar á, og stakk upp á því, að kosin væri 2 manna nefnd til þess að ihuga það, og semja stofnunarskrá, sem yrði borin undir amtsráðið. Amtsráðið fjellst á þetta og voru tilnefndir amtsráðsmennirnir úr Ísafjarðarsýslum til þess starfa.

7. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 27. nóv. f. á., sem hefir inni að halda tilkynning um, að kand. vetr. Magnús Einarsson væri skipaður dýralæknir í Sudur- og Vesturömtunum, og þar sem skorað er á amtsráðið, að láta uppi tillögur sínar um bústað dýralæknisins og um erindisbrjef handa honum, samkvæmt 1. og 5. gr. laga 2. okt. 1891, um skipun dýralækna á Íslandi. Ennfremur var lagt fram brjef frá stjórnarnefnd Hvanneyrarskólans, dags. 2. þ. m., þar sem þess er farið á leit, að amtsráðið vildi leggja það til, að dýralæknirinn hefði aðsetur á Hvanneyri, að minnsta kosti að vetrinum til, eða frá 1. nóv. til 1. maí. Að því leyti, er snertir bústað dýralæknisins, var það samþykkt með atkvæðafjölda eptir nokkrar umræður, að dýralæknirinn skyldi hafa aðsetur á Hvanneyri eða í grendinni. Að því leyti, er snerti erindisbrjef dýralæknisins, var það skoðun amtsráðsins, að það væri rjettast að sleppa því að gefa út nokkurt erindisbrjef að svo stöddu fyrir dýralækna, á meðan þeir ekki væru fleiri en nú eru, og löggjöf vor um næm veikindi húsdýra eigi fullkomnari en hún nú er, enda kæmi til greina, að dýralæknar hjer væru fast skipaðir embættismenn eða sýslunarmenn. Ef samt eigi yrði hjá því komizt, að gefa út eitthvert erindisbrjef handa dýralæknum, þá mundu helztu ákvæði þess verða þau, að þeir væru skyldir til að hegða sjer eptir þeim fyrirskipunum, sem nauðsynlega

þyrfti að gefa út í hvert skipti til varnar því, að næm veikindi húsdýra næðu útbreiðslu, og að þeir skyldu halda löggilta bók, er þeir rituðu í öll þau tilfelli, er þeir meðhöndluðu næm veikindi húsdýra, og skyldu þeir skýra þar frá framkvæmdum sínum hjer að lútandi og meðferðinni á veikindunum. Ennfremur skyldu þeir senda eftirrit úr bók þessari til hlutaðeigandi amtmanns við lok hvers árs.

8. Forseti skýrði frá, hvernig úrskurðum amtsráðsins hefði verið fullnægt á sýslusjóðs og sýsluvegasjóðs reikningum fyrir 1895, sem gjörðar hefðu verið athugasemdir við.

Úrskurðum amtsráðsins á reikningunum úr Ísafjarðarsýslu var að öllu leyti fullnægt, og útistandandi sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsgjöld voru inn komin.

Sýslumaðurinn í Dalasýslu hafði eigi enn fullnægt 7. gr. úrskurðar amtsins á sýslusjóðsreikningnum fyrir 1895, sem gekk út á að færa til inntektar í reikningnum fyrir 1896 9 kr., sem voru oftaldar til jafnaðar gjaldmegin (13) og voru innifaldar í 49 kr. þar tilgreindum. Hann hafði heldur eigi innheimt þær 50 kr., sem samkvæmt úrskurði amtsráðsins 3 ágúst f. á. höfðu verið útborgaðar einum manni fyrir ferð hans á Þingvallafund 1895.

Amtsráðið ályktaði, að skora alvarlega á sýslumann, að fullnægja 7. gr. úrskurðarins á reikningnum fyrir 1895, og innheimta þegar hinar ólöglega útborguðu 50 kr. hjá þeim manni, sem hafði þegið þær, þannig að forseta yrði skýrt frá því innan ágústmánaðarloka, að þetta væri gjört.

9. Forseti lagði fram sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikninga úr öllum sýslum amtsins fyrir 1896, sem hann hafði yfirfarið samkvæmt 41. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitastjórn á Íslandi, og fylgdu með þær athugasemdir, sem endurskoðendur sýslunefndanna höfðu gjört við reikningana og svör reikningshaldara.

Amtsráðið skoðaði reikningana og úrskurðaði þá.

Að því leyti, er snerti sýslusjóðsreikninginn úr Dalasýslu, skýrði forseti frá því, að þessi reikningur, sem var dagsettur 7. þ. m., hefði borizt sjer í gær; hann hefði því eigi verið framlagður á sýslunefndarfundi, og hefði eigi verið endurskoðaður. Forseti hafði falið amtsráðsmanninum úr Vesturísa-fjarðarsýslu að endurskoða reikninginn, og lagði amtsráðsmaðurinn fram athugasemdir sínar við reikninginn, sem amtsráðið úrskurðaði.

Þar sem sýslumaður enn hafði fylgt þeirri aferð, að láta sýslusjóðsgjöldin standa ógreidd inni hjá hreppunum, í stað þess að innheimta þau á manntalsþingum, samkvæmt gildandi vegalögum, ályktaði amtsráðið, að fela forseta að áminna hann einu sinni enn (í 4. sinn), um að fylgja gildandi lögum í þessu tilliti og láta hann vita, að amtsráðið mundi alls eigi líða það framvegis, að útaf þessu yrði brugðið, (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 3. og 4. ágúst f. á., Stjórnartíð. 1896, B. bls. 154.)

10. Forseti lagði fram erindi frá síra Helga Árnasyni í Olafsvík, dags. 2. þ. m., þar sem hann sumpart fer þess á leit, að hann fái þær 10 kr. fyrir eptirlit með vegagjörð á Fródárheiði og á Búlandshöfða, sem amtsráðið á fundi sínum 3. og 4. ágúst f. á. (sbr. Stjórnartíðindi 1896, bls. 157—158) áleit að hann, samkvæmt gildandi lögum, gæti ekki átt tilkall til, og ennfremur 10

81

kr., sem úttektarmenn möttu hina umræddu vegagjörð minni, en kostað hafði verið til vinnunnar við veginn.

Amtsráðið komst að þeirri niðurstöðu, að það gæti eigi breytt úrskurði sínum um hinar fyrnefndu 10 kr., en að því leyti, er snertir hinar síðarnefndu 10 kr., áleit meiri hluti amtsráðsins (6 á móti 2 atkv.), að úrskurður sýslunefndar, sem byggður væri á úttekt, yrði að standa, og að upphæðin eigi yrði greidd úr sýslusjóði.

11. Forseti lagði fram eptirfylgjandi eptirrit úr gjörðabókum sýslunefnda, sem voru yfirfarin:

a. Úr Strandasýslu frá 6.—9. apríl þ. á.

b. Úr Norðurlandafjarðarsýslu frá 8.—10. marz þ. á.

Forseti skýrði frá því, að hann hefði fyrir hönd amtsráðsins og upp á væntanlegt samþykki þess leyft sýslunefndinni að jafna niður 1490 kr. 8 a., sem sýslusjóðsgjaldi fyrir 1897, sem er 321 kr. meira en mátti jafna niður án samþykkis amtsins. Amtsráðið samþykkti þetta.

Forseti skýrði ennfremur frá því, að hann fyrir hönd amtsráðsins og upp á væntanlegt samþykki þess hefði leyft sýslunefndinni að verja allt að því 800 kr. af sýsluvegafje til gufubátsferða um Ísafjarðardjúp, sbr. lög 13. apríl 1894, um vegi.

Amtsráðið samþykkti einnig þetta.

c. Úr Vesturlandafjarðarsýslu 5.—6. apríl þ. á.

d. Úr Vesturlandafjarðarsýslu 21.—22. apríl þ. á.

Samkvæmt tillögum sýslumanns í brjefi, dags, 3. f. m., leyfði amtsráðið að jafna mætti niður sem sýslusjóðsgjaldi 800 kr., sem væri 135 kr. 96 a. meira, en jafna mætti niður án samþykkis amtsráðsins.

e. Úr Austurlandafjarðarsýslu frá 3. þ. m.

Amtsráðið leyfði að jafna mætti niður sem sýslusjóðsgjaldi all að 840 kr., sem fara fram úr því, sem mátti jafna niður án samþykkis amtsráðsins,

f. Úr Dalasýslu frá 6.—7. maí þ. á.

Forseti lagði fram brjef sýslumannsins, dags. 5. þ. m., þar sem þess er farið á leit, að amtsráðið leyfi sýslufjelaginu að verja 1000 kr. til gufubátsferða á Hvammsfirði og Gilsfirði, ef gufubátur skyldi fást. Amtsráðið veitti samþykki til þessa.

g. Úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 29.—31. f. m.

h. Úr Mýrasýslu frá 2. apríl þ. á.

12. Samkvæmt brjefi landshöfðingja 21. sept. 1895, viðvíkjandi eptirliti með því, að lögum 11. júlí 1890, um styrktarsjóði handa alþýðufólki væri framfylgt sem bæri (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 3. og 4. ágúst t. á., Stjórnartíð. 1896. B. bls. 159—160), ljet forseti uppi svolátandi skýrslu samkvæmt gjörðabókaendurritunum:

a. Að því er Strandasýslu snertir, var allt í lagi, einnig í Bæjarhreppi, sem vantaði skýrslu frá í fyrra, nema hvað nú vantaði skýrslu úr Árneshreppi og fól amtsráðið forseta sínum, að skora á sýslumann að ganga eptir skýrslu þessari sem allra fyrst.

- b. Í Norðurísafjarðarsýslu virtist allt yfir höfuð vera í lagi, nema hvað reikningarnir fyrir 1896 úr Hólshreppi og Grunnavíkurhreppi voru eigi endurskoðaðir af hreppsnefndunum, og eigi sýnilegt, hvar sjóður Súðavíkurhrepps stæði, og hvort hann væri látinn í Söfnunarsjóðinn. Úr Sljettuhreppi var reikningur eigi kominn. Amtsráðið fól sömuleiðis forseta að skora á sýslumann, að láta bæta úr þessu innan hæfilegs frests, enda hafði sýslunefndin sjálf beint hjer að lútandi áskorun til sýslumanns.
- c. Í Vesturísafjarðarsýslu var allt í lagi nema það, að reikningurinn úr Suðureyrarhreppi var eigi endurskoðaður af hreppsnefndinni og vænti amtsráðið, að forseti annaðist um, að slík endurskoðun framfæri.
- d. Í Vesturbarðastrandarsýslu var all í lagi og er þess sjer í lagi getið, að reikningurinn úr Dalahreppi hefði verið rannsakaður frá upphafi af sýslumanni og sýslunefndarmanni hreppsins, og því næst úrskurðaður.
- e. Í Austur-barðastrandarsýslu var samkvæmt brjefi sýslumannsins, dags. 5. maí þ. á., sem var framlagt, allt í lagi og vantandi skýrslur úr Múlahreppi og Flateyjarhreppi fyrir 1895 innkomnar. Skýrslur úr Flateyjarhreppi og Geirdalshreppi fyrir 1896 voru ekki komnar til sýslunefndarinnar, þá er hún hjelt fund sinn 3. f. m., og var forseta falið að annast um, að gengið yrði eptir þessu.

Forseti skýrði frá því, að hann, samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 3. og 4. ágúst f. á., hefði með brjefi, dags. 22. s. m., beint til landshöfðingja áskorun sýslunefndanna í Vestur- og Austurbarðastrandarsýslum um, að breyting fengist á lögum 11. júlí 1890, um styrktarsjóði handa alþýðufólki, sem færi í þá átt, að sýslumenn innheimtu gjaldið til sjóðanna á manntalsþingum, og að sýslunefndin úrskurðaði reikninga þeirra hjer að lútandi fyrir hvern hrepp. Forseti gat þess, að landshöfðingi hefði tekið málsleitun þessa til greina.

- f. Úr Dalasýslu lágu eigi aðrar skýrslur fyrir um alþýðustyrktarsjóðsgjald þar í sýslu en svolátandi bókun í gjörðabókarútskriftinni: »Lagðir voru fram styrktarsjóðsreikningar úr sýslunni og voru þeir samþykktir«, en forseti skýrði frá, að hann hefði 22. ágúst f. á. skrifað sýslumanni samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 3. og 4. s. m. um málefni þetta og áminnt hann 12. apríl þ. á., en eigi fengið neitt annað svar upp á þessi brjef sín, en hina umgetnu bókun; hefði hann því með brjefi, dags. 28. maí þ. á., enn skorað á sýslumann, að senda amtsráðinu fullnægjandi skýrslur um, að það væri lagfært, sem ábótavant hefði verið í fyrra, og skýra nánara fyrgreindan kafla í gjörðabókinni.
- g. Samkvæmt brjefi sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, dags. 7. júní þ. á., sem var framlagt, voru styrktarsjóðsreikningarnir fyrir 1895 úr öllum hreppum sýslunnar komnir fram og allir í góðu lagi.

Sömuleiðis voru reikningarnir fyrir 1896 úr öllum hreppum sýslunnar framlagðir á fundi sýslunefndarinnar 29.—31. marz þ. á., nema úr Neshreppi innan Ennis, og fól amtsráðið forseta, að hafa eptirlit með, að lagfæring kæmist á um þetta.

- 81 h. Að því leyti, er snerti Mýrasýslu, lágu eigi fyrir fullnægjandi skýrslur um ástand alþýðustyrktarsjóðanna þar hvorki fyrir árið 1895, nje fyrir 1896, og ályktaði amtsráðið að skora alvarlega á sýslumanninn, að senda forseta ráðsins innan þess frest, sem hann tiltæki, greinilega skýrslu hjer að lútandi.
13. Endurskoðendur lögðu fram reikningana yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins, búnaðarskólasjóðsins, búnaðarsjóðsins og bókasafns Vesturamtsins, og voru þeir allir samþykktir án athugasemda.
14. Með skírskotun til þeirrar umræðu, sem átti sjer stað á fundi amtsráðsins 3. og 4. ágúst f. á. um ráðstafanir gegn útbreiðslu fjárkláða, skýrði forseti frá þeim fyrirskipunum, sem hann hefði útgefið í þessu tilliti, og þeim framkvæmdum á þeim, sem orðið hefðu.

Með brjefi 21. ágúst f. á. til allra sýslumanna í Vesturamtinu og til sýslumanna í Borgarfjarðarsýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Árnassýslu, fyrirskipaði amtið, að almennar skoðanir og baðanir á sauðfje skyldu framfara í nefndum sýslum (í Árnassýslu að eins fyrir vestan Hvítá og Ölfusá) á komanda hausti, sem fyrst eptir að fje væri komið í hús, og eigi síðar en fyrir lok nóvbr.m., og ef kindur fyndust með kláða, skyldu þær þegar teknar til lækningar og hafðar sjer, en allt fje á þeim heimilum, þar sem kláði fyndist, skyldi álitast grunsamt, og sömuleiðis það fje, sem kládafje hefði gengið saman við; skyldi slíkt fje haft í sjerstakri gæzlu og baðað aptur, þegar liðnir væru 8 dagar frá fyrstu böðun. Jafnframt var tekið fram, að skoðanir og baðanir skyldu aptur framfara að vorinu til, vitanlega með hlíðsjón af því, hvernig heilbrigðisástand fjársins reyndist. Einnig var það tekið fram, að hafa skyldi gætur á því, að fjárhús yrðu sótthreinsuð, helzt með klórkalki með saltsýru og brennisteini, en slík sóttarheinsun gat vitanlega eigi farið fram fyr en fje væri sleppt úr húsum að vorinu til.

Með brjefi, dags. 29. jan. þ. á., heimtaði amtið skýrslur hlutadeigandi sýslumanna um árangurinn af tyrgreindum fyrirskipunum, og álit þeirra um nauðsýnina á fjárskoðunum í apríl, sbr. 1. gr. tilsk. 5. jan 1866, um fjárkláða og önnur næm veikindi á Íslandi, og á almennum fjárböðunum þá.

Af hinum framkomnu skýrslum, sem voru framlagðar, mátti sjá, að framkvæmdirnar höfðu orðið mjög ófullkomnar víðast hvar nema í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, enda hafði heilbrigðisástand fjársins batnað þar mjög frá því, sem verið hafði á árinu 1895, en í Ísafjarðarsýslu hafði ástand fjársins reynzt svo, að það var álitid kláðalaust.

Til þess, hve framkvæmdunum hafði orðið ábótavant, lágu ýmsar ástæður, og var helzt talin sú, að baðmeðul hefðu eigi verið til, sem nægði; í annan stað ólögghlýðni og tregða manna til að baða; í brjefi til amtsins frá hreppsnefnd einni var það jafnvel tekið fram, að menn í þeim hreppi hefðu megna ótrú á þeim baðmeðulum, sem nú væru brúkuð (Karbólsýru og Kreolin). Hvað vöntun meðalanna snertir, þá hefðu menn getað pantað þau í tíma, eins og gjört var í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og, að því er amtinu frekast er kunnugt, í Dalasýslu. Að því er Mýra- og Borgarfjarðarsýslu sjerstaklega snertir, þá hafði amtið í brjefi til sýslumannsins þar,

dags. 23. maí f. á., gjört mönnum aðvart um, að almennar baðanir skyldu framfara á komanda hausti. Af skýrslum um fundi amtsráðanna í fyrra sumar, sem birtar eru í Stjórnartíðindunum, hlaut mönnum einnig að vera ljóst, hvað til stóð. Í Reykjavík vildi það óhapp til, að »Vesta« fór þaðan með talsvert af baðmeðulum, sem lyfsalinn þar átti, og hafði skipið þenna forða með sjer kringum landið einmitt á þeim tíma, er sveitamenn voru komnir til að kaupa sjer baðmeðul. Samkvæmt brjefi sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, dags. 15. febr. þ. á., sem var framlagt, hafði sama skip eigi skilað af sjer þeim baðmeðulum, sem koma áttu með því á Bildudal í sept. og í síðustu ferð sinni kom það ekki við í Flatey, en þá höfðu verið baðmeðul með skipinu þangað.

Þótt amtið eigi enn hefði fengið skýrslur og tillögur 3 sýslumanna, þá er komið var fram í miðjan marz, gaf það samt út fyrirskipanir um ráðstafanir gegn kláða á fjenaði í brjefum, dags. 16. marz þ. á., þar sem eigi mátti bíða lengur að taka endilegar ákvarðanir um almennar fjárskoðanir, sbr. 1. gr. fyrnefndar tilsk. 5. jan. 1866. Að því leyti, er snertir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og Ísafjarðarsýslu, fyrirskipaði amtið eigi skoðanir, en fól sýslumönnum að beita valdi því, sem þeim væri veitt í 1. gr. tilsk. 5. jan. 1866, ef á þyrfti að halda. Í Strandarsýslu, Barðastrandarsýslu, Dalasýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu og vesturhluta Árnassýslu skyldu almennar skoðanir framfara í apríl, og baðanir á þeim kindum, sem myndust með kláða eða óþrifum, og á því fje, sem þær hefðu gengið saman við. Að því er sóttþreinsun fjárhúsa snerti, var sýslumönnum bent á, að ítarlegar reglur hjer að lútandi væru að finna í »Lovtidende« 1894 (Nr. 42) bls. 692—693).

Að því er Mýra- og Borgarfjarðarsýslu snerti, þá er almennt svo álitíð, og það með rjettu, að fjárkláði hafi náð meiri festu þar en annarstaðar, og þótt eigi lægi fyrir ítarlegar skýrslur um heilbrigðisástand fjársins þar, sem eigi hafði tekizt að fá, þá væri enginn efi á því, að ástandið þar væri eigi sem ákjósanlegast, og að full nauðsyn væri til þess, að gjöra gangskör að því, að stemma stigu fyrir útbreiðslu kládans. Eptir framlagðri skýrslu hreppstjórans í YtraAkraneshreppi, dags. 12. nóv. f. á., um skoðun á fje, sem fluttist til Skotlands í byrjun s. m., komu fyrir eigi færri en 64 kindur með meiri og minni kláða af 6794; af þessum kindum voru óþekkjanlegar 7, 1 var úr Kjósarhreppi, en hinar allar úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu; skýrsla þessi sýndi, að kláðavottur væri til í flestum hreppum sýslunnar, og það á þeim árstíma, þá er minnst ætti að bera á kláða.

Þótt nú sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hefði í framlögðu bjefi sínu til amtsins, dags. 2. marz þ. á., skýrt svo frá, að hann hefði 10. febr. þ. á. ítrekað böðunarskipun sína í brjefi sínu, 19. sept. f. á., til allra hreppstjóra sýslunnar (í samhljóðum við fyrnefnt brjef amtsins dags. 21. ágúst f. á.), þá var það hvorttveggja, að með böðunum í febr. og marz væri eigi fullnægt því, sem fyrir mælt hafði verið í nefndu brjefi amtsins, en eptir því átti að baða seinast í nóvbr., enda gat amtið alls eigi borið það traust til manna, að böðunum væri lokið, þegar skoða skyldi, í apríl.

81

Hjer við bættist, að amtið nú hafði aðstoð og leiðbeining dýralæknis og varð að leggja sem mesta áherzlu á, að órækar sannanir kæmu nú fram um það, að kláði væri til, svo menn hættu að halda því fram, að eigi væri um annað en óþrif og fellilús að ræða. Amtið gat eigi komizt að annari niðurstöðu, en að þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar höfðu verið með brjefi þess, dags. 21. ágúst f. á., hefðu misheppnast algjörlega í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og að rjettast væri að byrja á nýjum leik, sem skyldi upptekinn með rækilegum fjárskodunum í apríl í nærvist dýralæknis Magnúsar Einarssonar, að svo miklu leyti, sem því yrði við komið. Með brjefi, 16. marz þ. á., var svo fyrir mælt, að baðanir þær, sem fyrir skipaðar höfðu verið, mætti niður falla, og skyldu svo almennar skoðanir framfara í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu í apríl fyrir páska, og kvaddi amtið jafnframt dýralækninn til þess að vera við skoðanir þessar svo víða, sem unnt væri, en skýrsla hans um ferð hans út af þessu var framlögð. Að framförnum skodunum skyldi sýslumaður fyrirskipa og láta gjöra þær ráðstafanir, sem þörf væri á með ráði dýralæknisins og samkvæmt hans tillögum, en amtið tók það fram, að það álitu rjettast, að almennar baðanir framfæru í þeim hreppum, þar sem eigi væri lokið við þær baðanir, sem fyrirskipaðar höfðu verið í optnefndu brjefi amtsins, dags. 21. ágúst f. á., og sem nú sem stæði fjellu niður; var einnig til ætlazt, að þessar eptirstöðvabaðanir færu fram, þegar fjeð væri gengið úr ullu.

Forseti bar síðan undir amtsráðið, hverjar ráðstafanir mundu tiltækilegastar gagnvart fjárkláðanum til frambúðar, og eptir rækilegar umræður um þetta mál, varð niðurstaðan sú, að rjettast væri, að framhalda sjerstökum ráðstöfunum til þess að stemma stigu fyrir útbreiðslu kláðans og útrýma honum, samkvæmt gildandi lögum. Samkvæmt þessu ályktaði amtsráðið, að skora á amtmann að hlutast til um, að fjárhús yrðu sótthreinsuð á yfirstandandi sumri í öllum sýslum Vesturamtsins, að undanskildum Ísafjarðarsýslu og Vesturbarðastrandarsýslu, þar sem álituð væri, að fje væri eigi með kláða og svo í þeim sýslum Suduramtsins, sem áður voru nefndar; almennar fjárskoðanir skyldu svo framfara jafnskjótt og fje kæmi af fjalli og áður en það væri látið í hús, og baðanir framfara í þeim sömu sýslum amtsins, sem sótthreinsa skyldu í, en, ef skoðanirnar í Ísafjarðarsýslu og Vesturbarðastrandarsýslu skyldu leiða kláða á fje í ljós, skyldi lögregluvaldið þegar gjöra allar nauðsynlegar ráðstafanir, sem gjört er ráð fyrir í tilsk. 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi. Amtsráðið áleit einnig mjög æskilegt, að lög kæmu sem fyrst um það, að lögreglustjórn hefði vald til að fyrirskipa almennar baðanir á sauðfje, enda þótt eigi væri víst, að hinn svo kallaði sóttnæmi fjárklæði væri uppi.

Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Strandasýslu, dags. 27. f. m., og þar með fylgjandi erindi hreppsnefndarinnar í Bæjarhreppi, þar sem þess er farið á leit, að kostnaður hreppsins við fjárbaðanir á síðastliðnu sumri yrði annaðhvort að öllu, eða þá að nokkru leyti greiddur úr jafnaðarsjóði. Amtsráðið sá sjer alls eigi fært, að verða við beiðni þessari vegna þess, sem fyrir mælt er í þessu tilliti í nefndri tilsk. 5. jan. 1866.

15. Forseti gat þess, að sýslunefndin í Ísafjarðarsýslu hefði á árinu 1887 hreyft **81** því, að gefnar yrðu út reglur um heilbrigðisnefndir, og var framlagt hjér að lútandi brjef sýslumannsins, dags. 18. marz 1890. Út af þessu brjefi hafði amtsráðið falið forseta að semja slíkar reglur, sem allar sýslunefndir amtsins ættu kost á að segja álit sitt um, eptir að hafa borið sig saman við hlutadeigandi hreppsnefndir, og skyldu reglur þessar að því búnu leggjast fyrir amtsráðið til endilegrar samþykktar (sbr. skýrslu um fund amtsráðsins í Vesturamtinu 13.—17. júní 1891, Stjórnartíðindi 1891., B. bls. 134). Úr þessu hafði eigi orðið, og hafði forseta því þótt rjett, að taka þetta mál upp aptur, enda hafði því verið hreyft á síðastliðnum vetri af tveimur hreppsnefndum í Barðastrandarsýslu og Neshreppi innan Ennis í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Það, sem fyrst liggur fyrir, er að kveða á um það, hvort skipa skyldi sjerstakar heilbrigðisnefndir, sem virtist vera gjört ráð fyrir í 39. gr. 4. í tilskipun 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, eða öllu heldur fela hreppsnefndunum að hafa eptirlitið með heilbrigðisástandinu í hreppunum eptir ákvedinni reglugjörð, samkvæmt 15. gr. nefndrar tilskipunar. Forseti skýrði frá, að hann hefði beðið hjeraðslækni og amtsráðsmann D. Sch. Thorsteinson í Stykkishólmi, að semja frumvarp til slíkrar reglugjörðar, sem eigi að eins ætti við til sveita, heldur einnig í fjölmennum sjóplássum og verzlunarstöðum, svo sem í Olafsvík og í Stykkishólmi.

Amtsráðið ályktaði, að fela skyldi hreppsnefndunum eptirlit með heilbrigðisástandinu, en eigi stofna sjerstakar heilbrigðisnefndir. Frumvarp til reglugjörðar var eigi komið frá hjeraðslækni D. Sch. Thorsteinsson, en aptur á móti var framlagt slíkt frumvarp frá hjeraðslækni Guðmundi Björnsyni í Reykjavík, sem forseti einnig hafði leitað til um þetta. Ráðið gjörði þá ályktun, að fela forseta, að senda öllum sýslunefndum frumvörp nefndra lækna til álita, og skyldi málið svo aptur borið upp á næsta fundi amtsráðsins.

16. Amtsráðið ályktaði, að gefa bókasafninu í Flatey nokkrar bækur úr amtsbókasafninu í Stykkishólmi, sem tvö eintök væru til af þar.
17. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, dags. 2. maí þ. á., þar sem hann ber undir samþykki amtsráðsins þá ályktun sýslunefndarinnar í Vesturbarðastrandarsýslu að taka allt að því 3000 kr. lán handa sýslusjóðnum í viðbót við 2000 kr. lán það handa nefnum sjóði, sem amtsráðið samþykkti á fundi sínum 3. og 4. ágúst f. á. (sbr. Stjórnartíðindi 1896, B. bls. 157) til vegagjörðar á sýsluveginum yfir Mikladal, Hálfán, Fossheiði og Kleifaheiði, vegna þess að verzlunarfélagið P. J. Thorsteinsson & Co. á Bildudal hafði boðizt til að gefa 1000 kr. til vegarins milli Vatneyrar og Bildudals (á Mikladal og Hálfán) með því skilyrði, að sýslunefndin legði fram til sama vegar næsta sumar 2500 kr. og hefði að auki 500 kr. á reiðum höndum til viðhalds veginum, ef með þyrfti. Ennfremur var svo skýrt frá í brjefi sýslumannsins, að Markús kaupmaður Snæbjörnsson á

81

Geirseyri hefði lofað að gefa 100 kr. til sýsluveganna næsta sumar, ef sýslusjóður legði eitthvað verulegt fram til viðgjörðar þeim.

Lánið yrði með þessu móti alls allt að því 5000 kr. og samþykkti amtsráðið lántöku þessa þannig, að lánið yrði fengið með sem vægustum kjörum.

18. Amtsráðið veitti eptir beiðni sýslunefndarinnar í Strandasýslu meðmæli sín með því, að lagt yrði nokkurt fjá úr landssjóði með væntanlegum fjárlögum 1898—1899 til þess að brúa 2 þverár í Hrutafirði, Bakkaá og Hvalsá, sem báðar eru á sýsluvegi, og á þeirri leið, sem einn af aukapóstum Barðastrandarsýslu fer um, og tól amtsráðið forseta sínum að koma þessum meðmælum til alþingismannsins úr Strandasýslu til flutnings á alþingi.
19. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Strandasýslu, dags. 13. apríl þ. á., sem hefir inni að halda þá ályktun sýslunefndarinnar þar á fundi hennar 6.—9. s. m., að 6. gr. í reglugjörð fyrir Strandasýslu, um refaeyðingar o. fl. frá 14. júlí 1893 skuli úr gildi numin, og hafði nefndin óskað eptir, að amtsráðið samþykkti breyting þessa, og jafnframt, að sýslunefndin taki að sjer fyrst um sinn að annast um eitranir fyrir reffi, og megi greiða kostnað þann, er af því leiði, úr sýslusjóði, en samkvæmt ofangreindri reglugjörð, 7. og 9. gr., á að greiða kostnað þennan úr sveitarsjóðunum.

Það var hvorttveggja, að hin formlega hlið þessa máls, eins og það liggur fyrir, var því til fyrirstöðu, að það næði fram að ganga, því sýslunefndin á sjálf að orða eða semja reglugjörðir þær, sem ræðir um í lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og í lögum 24. nóv. 1893, um breyting á 3. gr. nefndra laga, og eins breytingar á slíkum reglugjörðum, en amtsráðið að samþykkja, ef til kemur, enda kemur hún eptiræskta breyting á 7. og 9. gr. reglugjörðarinnar í bága við framan nefnd lög, en eptir þeim á kostnaður við eyðing refa, að greiðast úr sveitarsjóðunum, þó eigi á afrjettum þeim, sem einstakir menn eiga eða kirkjur.

Amtsráðið sá sjer því eigi fært, að hlutast neitt til um þetta mál, eins og það lá fyrir.

20. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, dags. 12. apríl þ. á., þar sem hann flytur amtsráðinu þá ósk sýslunefndarinnar, að það vildi mæla með því við landshöfðingja, að Arnarholtspósturinn yrði framvegis látinn standa við í Stykkishólmi 24 stundir í hverri ferð, svo og til þess að Rauðkollstaðapósturinn yrði látinn koma við í Ólafsvík í hverri ferð og standa þar við 6 stundir á sumrum og 3 stundir á vetrum.
- Forseti gat þess, að hann með brjefi, dags. 24. ágúst f. á., hefði flutt landshöfðingja samskonar málaleitun sýslunefndarinnar frá því í fyrra, en henni hefði eigi getað orðið sinnt; póstmestariinn hefði tjáð forseta munnlega, að póststjórnin gæti eigi vel gjört slíka breyting milli þinga.

Amtsráðið ályktaði að fela forseta, að senda landshöfðingja þessa itrekuðu málaleitun með meðmælum sínum.

21. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 12. dag aprílm., þar sem hann ber fram þá ályktun sýslunefndarinnar, að

leita meðmæla amtsráðsins til þess, að því yrði komið til leiðar, að vegurinn frá Arnarholti til Stykkishólms yrði tekinn í þjóðvegatölu eða með öðrum orðum gjörð breyting á 5. gr. laga 13. apríl 1894, um vegi. 81

Forseti gat þess að frumvarp hjer að lútandi, sem komið hefði fram á alþingi 1895, hefði verið fellt frá 2. umræðu með 11 atkvæðum gegn 8, og hefði því verðið andmælt bæði af þingmanni Dalamanna og landshöfðingja; væri því eigi nein von til þess, að landshöfðingi gæti sinnt brjefi amtsins, dags. 24. ágúst f. á., um málefni þetta, enda væri það nú meining sýslunefndarinnar, að amtsráðið sendi væntanleg meðmæli sín til þingmanns Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, sem falið hefir verið að bera málið upp á næsta þingi. Amtsráðið sá sjer eigi fært, að láta slík meðmæli í tje.

22. Forseti lagði fram brjef sýslumannanna í Strandasýslu, Dalasýslu og Austurbarðastrandarsýslu, dags. 13. apríl, 10. maí og 3. júní þ. á., viðvíkjandi ályktun sýslunefndanna þar um, að hvor hinna tveggja fyrstnefndu sýslna tæki allt að því 8000 kr. og Austurbarðastrandarsýsla allt að því 4000 kr. lán til að koma upp tóvinnuvjelastofnun við Gilsfjörð og var ennfremur lagt fram erindi hjer að lútandi frá skólastjóra Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal, dags. 5. apríl þ. á., þar sem nákvæmar er skýrt frá fyrirkomulagi þessarar stofnunar.

Sýslunefndin í Strandasýslu vill taka allt að 8000 kr. lán í þessu skyni á þann hátt, að lánsupphæðin verði smátt og smátt fengin 3 eða 4 efnilegum ungum mönnum, þá er einhver þeirra hefir lært að meðhöndla og nota tóvinnuvjelar, gegn tryggingu að $\frac{2}{3}$ af láninu í húsum og áhöldum stofnunarinnar og að $\frac{1}{3}$ í nægilega tryggu fasteignarveði; skyldu hús og áhöld jafnan vera vátryggð. Þessi sýslunefnd hefir einnig ályktað að leita samþykkis amtsráðsins til þessarar lántöku.

Sýslunefndin í Austurbarðastrandarsýslu vill binda lántöku sína uppá 4000 kr. alveg hinum sömu skilyrðum.

Ályktun sýslunefndarinnar í Dalasýslu fer í líka átt, en hún vill, að tryggingin sje að $\frac{1}{2}$ láninu í húsum og áhöldum, og að $\frac{1}{2}$ í fasteign. Ennfremur hefir nefndin ályktað, að sú kvöð verði lögð á þá jörð, þar sem stofnunin yrði sett, að hún mætti vera þar kyr gegn sanngjörnu lóðargjaldi, ef svo skyldi fara, að sýslunefndirnar, sem hlut ættu að máli, yrðu að taka stofnunina að sjer, og annaðhvort reka hana sjálfir eða fá einhvern til þess.

Amtsráðið veitti samþykki sitt til, að hin nefndu sýslufjelög mættu taka hin umbednu lán á þann hátt, sem sýslunefndirnar í Strandasýslu og Austurbarðastrandarsýslu hafa stungið upp á, eða með öðrum orðum, að lán Dalasýslu yrði sömu skilyrðum bundið og lán hvorra tveggja hinna sýslufjelaganna.

23. Forseti lagði fram til eptirlita reikning yfir tekjur og gjöld kvennaskólans í Reykjavík fyrir 1895/96, skýrslu um vorpróf í skólanum 1897 og beiðni um 100 kr. skyrk fyrir yfirstandi ár, úr jafnaðarsjóði amtsins, sem amtsráðið veitti.

- 81 24. Því næst var framlagt erindi frá í Torfa J. Tómassyni Ólafsvík, dags. 1. þ. m., þar sem hann kærir yfir meðferð hreppsnefndarinnar í Neshreppi innan Ennis og sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og yfir útsvari því, sem á hanu hefði verið lagt til hreppsins haustið 1896.

Amtsráðið ályktaði að leita umsagnar hreppsnefndar og sýslunefndar um málið.

25. Amtsráðið sá sjer eigi fært, að veita Guðjóni búfræðing Guðmundssyni frá Finnbogastöðum í Strandasýslu styrk úr jafnaðarsjóði, sem hann hafði sótt um til utanfarar til þess að ganga á búnaðarskóla í Noregi og sjerstaklega kynna sjer grasrækt.
26. Framlagt var erindi frá búfræðing Hólmgeiri Jenssyni, dags. 22. f. m., þar sem hann sækir um styrk til þess, að útvega sjer sjónauka (mikroskop), sem sje nauðsynlegur við tilraunir hans til þess að rannsaka bráðasótt og fást við bólusetningar gegn henni, en hann hefir verið við dýralækninganám í Noregi einn vetur og hefir góða vitnisburði þaðan.

Amtsráðið ályktaði að veita honum 200 kr. úr jafnaðarsjóði til þess hann fengi sjer sjónauka, sem kosti 300 kr. að minnsta kosti, og skyldi verkfærið svo vera hans eign. Amtsráðið áleit æskilegt, að Hólmgeiri Jenssyni yrði veittur nokkur styrkur úr landssjóði sem praktiserandi dýralækni í norðurhluta Vesturamtsins.

Ennfremur var framlagt erindi frá dýralækni Magnúsi Einarssyni, dags. 5. þ. m., og stílað til amtsráðanna í Vesturamtinu og Suðuramtinu, þar sem hann fer þess á leit, að amtsráðin leggi dýralæknisembættinu í ömtunum sjónauka (mikroskop), sem muni kosta c. 350 kr.

Amtsráðið ályktaði, að veita til þessa 150 kr. með því skilyrði, að amtsráðið í Suðuramtinu leggði til það, sem ávantaði til þess að fá góðan sjónauka.

Fjárveiting til sjónauka, samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 3. og 4. ágúst f. á. (Stjórnartíðindi 1896, B. bls. 163), hafði eigi verið notuð.

27. Forseti lagði fram brjef amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu, dags. 24. maí þ. á., þar sem hann fer þess á leit, að tillögur sínar um, að alls herjarbúnaðarfjelag fyrir allt landið verði stofnað á þá leið, að bæði Suðuramtið og Vesturamtið gangi í samfjelag við búnaðarfjelag Suðuramtsins, eptir reglum, sem framlagt frumvarp, sem amtmaðurinn í Norður- og Austuramtinu hafði samið til laga fyrir hið íslenzka landbúnaðarfjelag, hafði inni að halda. Ennfremur er þess farið á leit, ef amtsráðið vildi sinna þessu, að það þá skipi fulltrúa til þess að mæta á fundi búnaðarfjélags Suðuramtsins, sem verður haldinn 5. júlí n. k., til þess að ræða málið, og til þess, ásamt nefnd, er væntanlega yrði kosin af búnaðarfjéluginu og ásamt fulltrúum hinna amtsráðanna að gjöra ákveðnar tillögur um stofnun búnaðarfjélags fyrir allt landið, er að ári yrðu lagðar fyrir amtsráðið.

Amtsráðið ályktaði að sinna máli þessu, og senda tvo fulltrúa til fyrnefnds fundar með það umboð, að taka þátt í umræðunum, en án nokkurs valds til þess að taka endilega ákvörðun um hluttekning í hinu fyrirhugada

búnaðarfelagi fyrir allt landið. Til þessa fundar voru kosnir: sýslumaður 81
Skúli Thoroddsen og forseti amtráðsins.

28. Forseti lagði fram reikning um viðskipti amtsins og búnaðarskólans í Ólafsdal 1896/97, skýrslu um sama skóla, fyrir 1889—1897, sem amtsráðið ályktaði að skyldi prenta á kostnað jafnaðarsjóðs amtsins, og skýrslu um bókasafn skólans og lærisveina við lok skólaársins 1896/97.

Amtsráðið ályktaði að verja til Ólafsdalsskólans á yfirstandandi ári fyrir skólaárið 1897—98:

1. Meðgjöf með 6 piltum í efri deild á 150 kr.	kr. 900
2. Meðgjöf með 5 piltum í neðri deild á 250 kr.	— 1250
3. Laun forstöðumanns	— 800
4. Laun aðstoðarkennara	— 350
5. Til verkfærakaupa og áhalda	— 100
6. Til prófdómenda	— 50
7. Til bókakaupa	— 50
	<hr/>
	Samtals: kr. 3500

og skyldi ganga til þess:

1. Styrkur úr landssjóði	kr. 2500
2. Úr búnaðarskólasjóði	— 1000
	<hr/>
	kr. 3500

29. Forseti skýrði frá að ályktun amtráðsins á fundi þess 3. og 4. ágúst f. á. (sbr. Stjórnartíðindi 1896, B. bls. 164), um lántöku handa Torfa skólastjóra Bjarnasyni í Ólafsdal, væri framkvæmd, hefði lánið, 12000 kr., verið tekið úr landsbankanum upp á 20 ár. og upphæðin svo lánuð aptur skólastjóra gegn hinu tilsetta veki, og var framlögð virðingargjörð á hinu nýja skólahúsi og á jörðinni Ólafsdal.
30. Þá var framlagt frumvarp til skipulagsskrár fyrir styrktarsjóðinn »Þorvaldar minning«, sem samið var af þeim amtráðsmönnum, sem þar til höfðu verið kvaddir, samkvæmt fyrirmælum erfðaskrárinnar. Amtsráðið tjellst á frumvarpið, eins og það lá fyrir, og var svo forseta falið, að koma því á framfæri, svo það yrði lagt undir konungsstaðfesting.
31. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir 1898:

Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar	kr. 1800,00	
2. 1 Afborgun upp í lán Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal	kr. 600	
og ársrentur	— 520	— 1120,00
3. Jafnaðarsjóðsgjald	— 1643,33	4563,33

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	— 1000,00
2. Kostnaður samkv. 3. gr. laga 2. okt. 1891, um skipun dýralækna á Íslandi	— 200,00
	<hr/>
	Flyt: kr. 1200,00

81

	Flutt: kr.	1200,00
3. Til amtsbókasafnsins	—	200,00
4. Til kvennaskólans í Reykjavík	—	100,00
5. 4. afborgun upp í og vextir af bankaláni frá 25/6 95	—	543,33
6. 1 Afborgun upp í og rentur af bankaláni frá 14/11 96	—	1120,00
7. Ferðakostnaður	—	200,00
8. Ýmislegt	—	200,00
9. Eptirstöðvar	—	1000,00
32. Amtsráðið ályktaði að borga 25 kr. sem fundarhúsleigu.		4563,33

Feiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 19. júní 1897.

J. Havsteen.

82

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántöku handa Barðsprestakalli

16. júní **til húsabyggingar.** — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi 29. f. m. vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Barði í Fljótum, síra Tómas Björnsson, taki allt að 1500 króna embættislán, er mun geta fengizt úr landssjóði gegn tryggingu í tekjum prestakallsins, til að gjöra á staðnum íbúðar- og geymsluhús úr timbri, 14 álna langt og 8 álna breitt, með járnþaki og með svo háu porti, að loptið geti algjörlega notazt til íbúðar, og með manngengum kjallara undir helmingi hússins. Þó er þetta lántökuleyfi þeim skilyrðum bundið, að lánið verði borgað af tekjum prestakallsins á 25 árum samfleytt, að telja frá því lánið er tekið, með $\frac{1}{25}$ hluta lánsins á ári auk vaxta, að húsið sje vandað að efni og smíði að öllu leyti, að kjallarinn sje gjörður úr velhlöðnu steinlímdu grjóti, að, ef veggir eru hafðir á 3 vegu uppundir glugga, þá sje þeir úr steinlímdu vel lögðu grjóti, að járnþakið sje lagt ofan á súð úr plægðum bordum, þumlungs þykkum að minnsta kosti og, að það sje nægilega skarað og vandlega neglt, að klætt sje utan á binding með plægðum eða listudum bordum og vandlega troðið með hentugu efni til skjóls á milli ytra byrðis og þilju, að húsið sje vel málað að utan og innan, að því fylgi nauðsynlegir ofnar og eldavjel, að niðurskipun herbergja sje eptir því, sem prófastur álitur hentugast og samþykkir, að húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvoðatryggingu fyrir minnst 2000 kr., að síðari helmingur lánsins útborgist ekki fyrr en sannað er með áreiðanlegri skoðunargjörð, að húsið sje að öllu fullgjört og hinum settu skilyrðum fullnægt, að hið nýja hús verði eign prestakallsins, enda megi þá niðurfalla eptirnefnd hús, er áður hafa fylgt prestakallinu: baðstofa, búr, eldhús, göng, bæjardyr, stofa og skemma og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.